

Ed. 655. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

1. gr.

3. mgr. 10. gr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til hústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

3. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattfyrvald ákveður á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattfyrvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi renna til Byggingarsjóðs ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skyldusparnaðarfé það, sem safnast hefur fyrir þá, sem búsettir eru í sveit, frá 1. janúar 1979 til gildistöku laga þessara, skal ávaxtað í Byggingarsjóði ríkisins.